

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 175/2013**

2014/EES/67/63

frá 27. febrúar 2013

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar afturköllun á samþykki fyrir virka efninu dídekýldímetylammóníumklóríði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE⁽¹⁾, einkum öðrum valkosti í 3. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/70/EB⁽²⁾ var dídekýldímetylammóníumklóríð (DDAC) fært á skrá sem virkt efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna⁽³⁾ með því skilyrði að hlutaðeigandi aðildarríki tryggðu að tilkynnandinn, sem lagði fram beiðni um að dídekýldímetylammóníumklóríð yrði fært á skrá í þeim viðauka, legði fram frekari upplýsingar til staðfestingar á forskrift fyrir framleidda, virka efnið, eigi síðar en 1. janúar 2010.
- 2) Virk efni sem eru færð á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni⁽⁴⁾.
- 3) Tilkynnandinn lagði viðbótarupplýsingar fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Holland 25. október 2011 í því skyni að uppfylla þá skyldu að leggja fram frekari upplýsingar um forskriftina fyrir framleidda, virka efnið.
- 4) Holland lagði mat á viðbótarupplýsingarnar sem tilkynnandinn lagði fram. Holland lagði mat sitt fyrir

önnur aðildarríki, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, í formi viðbótar við drögin að matsskýrslunni.

- 5) Í ljósi viðbótarupplýsinganna sem tilkynnandinn lagði fram lítur framkvæmdastjórnin svo á að frekari upplýsingunum, sem krafist var til staðfestingar, hafi ekki verið komið til skila.
- 6) Framkvæmdastjórnin gaf tilkynnandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi afstöðu framkvæmdastjórnarinnar.
- 7) Framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að framlagðar upplýsingar séu ófullnægjandi og geri það ekki kleift að komast að niðurstöðu um hreinleika og einkum um auðkenni og innihald óhreininda.
- 8) Rétt þykir að afturkalla samþykki fyrir virka efninu dídekýldímetylammóníumklóríði með því að fella brott línu 291 í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011.
- 9) Því ber að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 10) Gefa ætti aðildarríkjunum tíma til að afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda dídekýldímetylammóníumklóríð.
- 11) Ef aðildarríkin veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda dídekýldímetylammóníumklóríð ætti þessi frestur að renna út eigi síðar en einu ári eftir að leyfin eru afturkölluð.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 falli lína 291 um dídekýldímetylammóníumklóríð brott.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 56, 28.2.2013, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 205/2014 frá 30. september 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Stjtið. ESB L 164, 26.6.2009, bls. 59.

(3) Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

(4) Stjtið. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríki skulu tryggja að leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda dídekyldímetylammóníumklóríð verði afturkölluð eigi síðar en 20. júní 2013.

3. gr.

Frestir

Allir frestir sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 skulu vera eins stuttir og unnt er og skulu renna út eigi síðar en 12 mánuðum eftir að viðkomandi leyfi eru afturkölluð.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. febrúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO
